

Fyrsti aðalfundur Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, haldinn hjá Iðu – Fræðslusetri ehf., Hallveigastíg 1, fimmtudaginn 11. maí 2006 kl. 10:00.

Mættir voru 12 fulltrúar aðildarféлага Leiknar og framkvæmdastjóri Menntar.

Fundarefni:

1. Formaður tilnefni fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
5. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld
6. Lagabreytingar
7. Kosning formanns
8. Kosning skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara

Smári Haraldsson, formaður stjórnar lagði til að Kristján Karlsson, framkvæmdastjóri Menntafélags byggingariðnaðarins yrði fundarstjóri og Birna Gunnlaugsdóttir, stjórnarkona fundarritari. Kristján bar fundinum kveðju nýráðins framkvæmdastjóra Iðunnar – Fræðsluseturs ehf., Hildar Elínar Vignis, sem gat ekki setið fundinn. Hann sagði að um þessar mundir væru Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins, Fræðsluráð hotel- og matvælagreina, Prenttæknistofnun og Menntafélag byggingariðnaðarins að sameinast í Iðunni ehf..

2. Skýrsla stjórnar

Smári Haraldsson, formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann greindi frá fjölda stofnaðila og að aðilar væru 16 talsins. Hann gerði grein fyrir skipan í stjórn, að merki samtakanna hefði verið hannað og frá erlendu samstarfi Leiknar á fyrsta starfsárinu. Fulltrúar stjórnar og samtakanna fóru á þrjá fundi erlendis á starfsárinu. Smári Haraldsson og síðan Birna Gunnlaugsdóttir á fundi samstarfs framkvæmdastjóra norrænu fullorðinsfræðslu-samtakanna (Nordisk samráð) og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir á aðalfund EAEA, evrópsku samtaka fullorðinsfræðsluaðila. Næsti fundur Nordisk samráð er fyrirhugaður á Íslandi í ágúst næstkomandi.

Smári nefndi að ekki hefði borið mikið á Leikn opinberlega þetta fyrsta starfsár, en þau hafi verið að hasla sér völl í rólegheitunum. Stjórnin hefði meðal annars haft það að leiðarljósi að íþyngja ekki aðilum samtakanna fjárhagslega. Sótt hefur verið um styrki fyrir samtökin til all nokkurra aðila, en ekkert hefur komið út úr þeim umsóknum, utan að sumir tóku vel í að styrkja einstaka verkefni. Starfsgreinasamband Íslands styrkti samtökin þó um 200.000.

Mennt tók nýverið að sér tiltekin lágmarksverkefni fyrir samtökin, sérlega varðandi erlent samstarf. Mikilvægt verkefni nú er að vinna heimasíðu fyrir samtökin til að koma þeim frekar á framfæri. Formaðurinn fjallaði um að í samþykktum samtakanna væri ákvæði um

aðild nokkuð þröngt, en það hafi verið ákveðið að hafa stakkinn í þrengra lagi í upphafi og víkka frekar reglurnar út síðar.

Loks greindi Smári frá því að fulltrúar stjórnar hefðu nýverið farið á fund Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og kynnt stefnumál samtakanna og óskað eftir fjárstyrk. Menntamálaráðherra tók erindinu vel. (Sjá skýrslu formanns / fylgiskjal 1)

3. Endurskoðaðir reikningar félagsins

Guðjónína Sæmundsdóttir, gjaldkeri stjórnar, gerði grein fyrir reikningum félagsins. Ekki var mikið umfang í rekstrinum á fyrsta almanaksárinu, tekjur voru 661.306.- og kostnaður 3.970.- (fylgiskjal 2)

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Inga Sigurðardóttir, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi spurði hvort enginn kostnaður hefði hlotist af stjórnarfundum. Fram kom að það hefði ekki verið, en fundir settir á tíma þegar stjórnarmenn utan höfuðborgarsvæðisins væru í Reykjavík eða fjarfundarbúnaður notaður. Erlendir fundir hafa jafnframt verið samnýttir með öðrum ferðum stjórnarmanna í tveimur tilvikum af þremur.

Kristján spurði hverju sætti að þeim sem boðið var að verða stofnaðilar eru 10 félögum fleiri en núverandi aðilar eru. Fram kom að sumir hefðu sameinast og aðrir falla ekki undir 5. gr. samþykktar samtakanna. Jafnframt var stjórn falið að minna þá aðila á samtökin, sem falla að 5. greininni en hafa ekki gerst aðilar enn. Fram kom að stjórn þætti miður að sem flestir geti ekki átt aðild að Leikn, en hefðu m.a. í huga að meðal evrópskra samtaka væru reglur um aðild afar mismunandi. Stjórnin vill því stíga varfærnislega til jarðar í þessum efnum og skoða vel hvað hentar íslensku samtökunum best.

Skýrsla stjórnar og reikningar voru bornir upp til samþykktar og samþykktir einróma.

5. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld

Smári Haraldsson gerði grein fyrir fjárhags- og rekstrarreikningi næsta starfsárs. Tillaga stjórnar að árgjald er kr. 30.000. (fylgiskjal 3)

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir velti því upp hversu fastbundin stjórn væri fjárhagsáætlun á komandi starfsári í ljósi þess að óvíst er hverjar tekjur samtakanna verða, s.s. styrkur frá menntamálaráðuneytinu. Kristján benti á að samkvæmt samþykkt samtakanna hefði stjórn svigrúm til ákvörðunar í þeim efnum.

6. Lagabreytingar

Hulda Ólafsdóttur, stjórnarkona sagði að stjórn hefði ekki tillögur um lagabreytingar að þessu sinni og höfðu þær heldur ekki borist frá öðrum.

7. Kosning formanns

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir lagði til að Smári Haraldsson yrði endurkjörinn sem formaður stjórnar Leiknar, enda stjórn afar ánægða með störf hans. Það var samþykkt einróma.

Jóhanna Arnórsdóttir, framkvæmdastjóri Framvegis, miðstöðvar um símenntun ehf. var kosin varamaður í stjórn í stað Huldu Ólafsdóttur, Mími-símenntun. Hulda hafði tekið sæti sem aðalmaður í stjórn vorið 2005 þegar Þorbjörg Jónsdóttir, Námsflokkum Reykjavíkur lét af stjórnarsetu.

8. Kosning skoðunarmanna reikninga

Kosnar voru sem skoðunarmenn reikninga þær Bryndís Þráinsdóttir, Farskóla Norðurlands-Vestra og Kristín Jónsdóttir, Kvöldskóla Kópavogs.

9. Önnur mál

Aðalheiður Jónsdóttir, Mennt spurði út í aðalfund evrópsku fullorðinsfræðlusamtakanna, EAEA og gerði Ingibjörg grein fyrir honum í stórum dráttum. Á aðalfundi samtakanna, sem Ingibjörg sat, var aðild Leiknar að samtökunum samþykkt. Áður hafði Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni verið fulltrúi Íslands, en sagt sig úr við stofnun Leiknar. Auk venjulegra aðalfundarstarfa voru lykiláherslur í fullorðinsfræðslu árána 2006-08 ræddar, þar á meðal leiðir til þess að fá háskólafólk til að finna og tilreiða rök fyrir gagnsemi óformlegs náms fullorðinna. (sjá fundargerð 4. stjórnarfundar).

Birna Gunnlaugsdóttir sagði frá samstarfi norrænu fullorðinsfræðlusamtakanna, en framkvæmdastjórar þeirra og einstaka samstarfsmenn, eftir atvikum, hittast tvisvar á ári. Annað hvert skipti mæta fulltrúar Eistlands, Lettlands og Litháen og vinna með hópnum. Á fundunum bera þjóðirnar saman bækur sínar um áherslur í fullorðinsfræðslu, s.s. notkun internetsins, raunfærnimat, menntun innflytjenda og grunnmenntun fullorðinna. Jafnframt er fjallað um þær áherslur sem norðurlandþjóðirnar vilja færa inn í Evrópusamstarfið. (sjá fundargerð 5. stjórnarfundar).

Spurt var um tengsl þessara funda við NVL. Fram kom að ekki er hér um NVL (Nordiskt Nätverk för Vuxnas Lärande) að ræða, en það samstarf er mun víðtækara og nær til allra sem vinna að fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum og hafa áhuga á að taka þátt í starfinu. NVL starfið fer að miklu leyti fram í tengslanetum, ráðstefnum, fundum o.fl. NVL er samstarfsvettvangur, en ekki félagasamtök.

Fleira var ekki gert, utan að góðum veitingum voru gerð skil og fundi slitið kl. 11:00.

Birna Gunnlaugsdóttir ritaði fundargerð